

# Eystrahorn

29. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 22. ágúst 2019

www.eystrahorn.is



Mynd: Marina Travel

## Flugeldasýning Björgunarfélags Hornfjarðar

Síðastliðin sunnudag var flugeldasýning Björgunarfélags Hornfjarðar haldin. Sýningin er orðin stærsta fjáröflun Björgunarfélags Hornfjarðar og ár eftir ár mætir fólk á Jökulsárlón til að verða vitni að þessu magnaða sjónarspili þar sem flugeldum er skotið upp af prömmum úti á lóninu í myrkri svo bjarminn frá flugeldunum

kastast á ísjaka og speglast í vatninu. Þetta var í 20. skiptið sem haldin er flugeldasýning á lóninu en í upphafi var þetta uppskeruhátíð starfsfólks Glacier Lagoon á Jökulsárlóni en svo var sýningin færð til Björgunarfélagsins sem fjáröflunarleið og hefur félagið séð um sýninguna undanfarin 12 ár. Upphaflega átti sýningin að fara fram þann 17. ágúst en

í fyrsta skiptið frá upphafi þurfti að fresta henni vegna veðurs og því var hún haldin sunnudaginn 18. ágúst.

Áætlað er að um 1000 manns hafi horft á sýninguna í ár sem er þó töluvert minna en í fyrra, en þá voru rúmlega 2000 manns.

## Hvítur, hvítur dagur sýnd á Höfn

Kvikmyndin Hvítur, hvítur dagur í leikstjórn Hornfirðingsins Hlyn Pálmasonar verður forsýnd á Hafinu á Höfn í Hornfirði sunnudaginn 25.08. Um er að ræða fyrstu sýningu myndarinnar á Íslandi en hún var tekin upp að stórum hluta á Höfn eins og kunnugt er. Myndin verður í framhaldinu frumsýnd í kvikmyndahúsum á Íslandi þann 6. september. Myndlistarsýningitengslumvið myndina verður opnuð í Miklagarði klukkan 18 og salurinn verður opnaður á Hafinu fyrir sýningargesti klukkan 20. Sýningin hefst klukkan 21. Ingvar E. Sigurðsson, sem leikur aðalhlutverkið í myndinni, situr fyrir svörum ásamt leikstjóranum og öðrum aðstandendum myndarinnar.

Myndin var heimsfrumsýnd á Critics Week á Cannes kvikmyndahátíðinni í maí sl. Ingvar hlaut þar verðlaun sem besti leikarinn. Hann hlaut einnig verðlaun fyrir bestu frammistöðu leikara á kvikmyndahátíðinni í Transylvaníu

í Rúmeníu og var myndin valin sú besta á hátíð í Motovun í Króatíu fyrir skömmu. Nýverið var tilkynnt um að Hvítur, hvítur dagur er ein af 46 myndum sem eru í forvali fyrir Evrópsku kvikmyndaverðlaunin og er hún framlag Íslands til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs.

Ingimundur er lögreglustjóri sem hefur verið í starfsleyfi frá því að eiginkona hans lést óvænt af slysförum. Í sorginni einbeitir hann sér að því að byggja hús fyrir dóttur sína og afastelpu, þar til athygli hans beinist að manni sem hann grunar að hafi átt í ástarsambandi við konu sína. Fljótlega breytist grunur Ingimundar í þráhyggju og leiðir hann til róttækra gjörða sem óhjákvæmilega bitnar einnig á þeim sem standa honum næst. Þetta er saga um sorg, hefnd og skilyrðislausa ást.

**Öllum íbúum sveitarfélagsins er boðið frítt í bíó en myndin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.**





## Bjarnanesprestakall Fermingarfræðsla

Minum foreldra og forráðamenn að skrá börn sín í fermingarfræðslu.

Sjá Nánar á heimasíðu  
Bjarnanesprestakalls  
<http://www.bjarnanesprestakall.is>

Sóknarprestur

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Takið eftir: **SUNDLEIKFIMIN** hefst  
fimmtudaginn 29. ágúst kl.

16:00 og leikfimin í Ekruisal þriðjudaginn  
10. september kl. 16:30. Mætum vel!

### HAUSTFERÐIN-nokkur sæti laus

Nú eru síðustu forvöð að skrá sig í laus sæti í ferðina okkar góðu 23-26.sept. Upplýsingar gefa Guðbjörg í gsm. 866-1336 og Lucía í gsm. 866-8030. Fyrstu kemur fyrstur fær!



## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Á leikskólann Lambhaga í Örafum vantar leikskólakennara eða leiðbeinanda til starfa í stöðu deildarstjóra.  
Húsnæði á staðnum

### Helstu verkefni og ábyrgð:

Að skipuleggja og vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu.

### Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismentun æskileg.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungu börnum æskileg.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Leikskólinn Lambhagi er lítil sveitaskóli samrekin með Grunnskólanum í Hofgarði. Þar dvelja að jafnaði um 6-8 börn á aldrinum eins til fimm ára. Í starfinu er lagt upp úr góðum samskiptum í samræmi við uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar, einnig er áhersla á að nýta náttúruna í nánasta umhverfi skólans.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst, annars eftir samkomulagi. Skemmtileg vinna í boði fyrir einstaklinga sem hafa gaman af því að vinna með börnum.

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanefndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.**

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Brynju Kristjánsdóttur skólastjóra á netfangið [brynjahof@hornafjordur.is](mailto:brynjahof@hornafjordur.is)

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófaralestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlarent

ISSN 1670-4126



## Heimavistun nemenda úr dreifbýli

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir heimilum sem áhuga hafa á að vista grunnskólanemendur á unglingastigi, tvær nætur í viku á starfstíma skóla.

### Kröfur:

Forráðamaður heimilis leggur nemandanum til sérherbergi, fataskáp, skrifborð og stól og sér honum fyrir fæði í morgun- og kvöldmat ásamt síðdegisnarli. Lagt er upp úr því að heimilislegt andrúmsloft ríki og að nemandinn upplifi eins og hægt er að hann tilheyrir heimilinu.

Nemandanum er gert að hlíta þeim reglum sem gilda á heimilinu varðandi t.d. útivist og umgengni.

Forráðamaður heimilis þarf að búa yfir ákveðinni festu, vera lipur í mannlegum samskiptum og hafa hreint sakavottorð.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þetta verkefni að sér er bent á að hafa samband við Ragnhildi Jónsdóttur fræðslustjóra í síma 470 8000, netfang; [ragnhildur@hornafjordur.is](mailto:ragnhildur@hornafjordur.is).

*Umsóknarfrestur er til 30. ágúst n.k.*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

# Mannvirkja- og gæðafulltrúi

Vatnajökulsþjóðgarður leitar að skipulögðum og drífandi einstaklingi í starf mannvirkja- og gæðafulltrúa. Starfsmaðurinn mun hafa umsjón með byggingaframkvæmdum og uppbyggingu innviða auk þess að sinna öryggis- og gæðamálum. Um nýtt starf er að ræða sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra

Laun greidd samkvæmt kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Um fullt starf er að ræða. Starfinu skal sinna frá einhverri af meginstarfsstöðum þjóðgarðsins á landsbyggðinni; í Ásbyrgi, Mývatnssveit, á Skriðuklaustri/Fellabæ, Höfn í Hornafirði, Skaftafelli eða Kirkjubæjarklaustri. umsóknarfrestur er til og með 26.08.2019

**Nánari upplýsingar veita:**

**Ragnheiður Björgvinsdóttir, mannauðsstjóri,**  
[ragnheidur@vjp.is](mailto:ragnheidur@vjp.is) og **Magnús Guðmundsson,**  
**framkvæmdastjóri, [magnus@vjp.is](mailto:magnus@vjp.is).**



# Hjólböruganga til styrktar Krabbameinsfélaginu

Hugi Garðarsson er 21 ára göngugarpurur sem gengur nú hringinn í kringum landið til styrktar Krabbameinsfélaginu og til minningar um ömmu sína sem lést úr krabbameini. Síðastliðin þriðjudag var hann staddur á Höfn eftir að hafa byrjað gönguna á Þingvöllum fyrir 59 dögum og lagt að baki rúmlega 2000 km. Markmiðið er að heimsækja 70 bæi á leiðinni og var Höfn 52. í röðinni. Hann gengur um það bil 35-50 km á dag en gekk lengst 100 km á milli Bíldudals og Þingeyrar og tók gangan í heild 37 klukkutíma.

“Fyrir um 2 árum ákvað ég að ferðast þjóðveg 1 og byrjaði að fara Suðurlandið og svo norður fyrir. Þegar ég kom til Akureyrar ákvað ég að kaupa mér hjólbörur til að létta gönguna.“ Huginn gekk svo alla leið til Reykjavíkur á 8 dögum með farangurinn í hjólbörunum. Það var þá sem þessi hugmynd kviknaði og hefur hann síðustu 2 ár verið að skipuleggja þessa göngu. Hjólbörurnar hafa þróast töluvert á þessari leið, tveimur hjólum hefur verið bætt við og þverslá bætt við handföngin og þau lengd svo að

gangan reyni ekki um of á axlir og bak. Huginn er með tjald, nóg af vatni og annað nauðsynlegt í hjólbörunum en einnig hauskúpu af hreindýri, þegar hann er spurður út í hana sagði hann “Ég fann hana fyrir tveimur árum út í móa þegar ég gekk þjóðveginn en skildi hana eftir. Ég ákvað að athuga núna hvort hún væri þarna enn og þar var hún og því tók ég hana með í þetta skiptið.”

Á miðvikudag lagði Huginn aftur af stað eftir sólarhrings dvöl á Höfn, hann var búinn að fá gistingu á leiðinni að Skaftafells en gerði ráð fyrir að þurfa að gista út í móa milli Kirkjubæjarklausturs og Víkur. “Ég hef nokkrum sinnum þurft að gista út í móa en alls ekki oft.” Við óskum þessum unga manni góðrar ferðar það sem eftir er en hann gerir ráð fyrir að klára gönguna í lok ágúst byrjun september á Þingvöllum. Hægt er að fylgjast með ferðalaginu á facebook síðu Huga, 70 bæja hjólbörugangan.



Huginn með hjólbörurnar og hauskúpuna af hreindýrinu

Peir sem vilja styrkja Krabbameinsfélagið er bent á símanúmerið **908-1001** til að styrkja um 1000 kr.

Einnig er hægt að millifæra inn á styrktarreikning Krabbameinsfélagsins **0301-26-005035 kt: 700169-2789**

## Flugslysaæfing 2019

Við leitum að sjálfbóðaliðum, ungmönnum sem og fullorðnum, til að leika slasaða á Flugslysaæfingunni, sem fer fram laugardaginn, 7. september 2019.

Áhugavert sjónarhorn á viðbragð vegna slysa, og fjöldi manns hefur tekið þátt í æfingunni í gegnum tíðina. Slysaförðun fer síðan fram morguninn á æfingadeginum, og fá sjálfbóðaliðar að taka þátt í förðun ef þeir vilja og einhverja kennslu í faginu. Aðrar upplýsingar verða sendar út til þátttakenda er nær dregur samkvæmt dagskrá.

Áhugasamir sendi endilega tölvupóst á [jgb@logreglan.is](mailto:jgb@logreglan.is)

Hafa í tölvupósti nafn og kennitölu, og símanúmer og netfang sem hægt er að senda upplýsingar í, en einnig er hægt að koma við og skrá sig á lögreglustöð. Forráðamenn þurfa að skrifa undir samþykki fyrir yngri sjálfbóðaliða.

Með von um góð viðbrögð,  
ISAVIA  
Lögreglan á Suðurlandi  
Sveitarfélagið Hornafjörður



## Yfirlandvörður á Breiðamerkursandi

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf yfirlandvarðar á Breiðamerkursandi. Um er að ræða heilsárstarf og heyrir staðan undir þjóðgarðsvörð á suðursvæði.

Starfið er krefjandi, fjölbreytt og skemmtilegt. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og AFL Starfsgreinafélag hafa gert. Starfshlutfall er 100% og umsóknarfrestur er til og með 2.09.2019

Nánari upplýsingar og umsóknarform má finna á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) en einnig hjá: **Steinunn Hödd Harðardóttir** [steinunnhodd@vjp.is](mailto:steinunnhodd@vjp.is)





# Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

## OLÍS HÖFN LEITAR AÐ STARFSMANNI TIL FRAMTÍÐARSTARFA

Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Þjónustustöðin okkar er líflegur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds.

### Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Áfyllingar vöru
- Vörumóttaka
- Þrif
- Þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Umsækjendur þurfa að vera með þjónustulund, liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Áhugasamir sæki um á [www.olis.is](http://www.olis.is).